

Eyjafjarðarsveit  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík 6. mars 2019  
UST201902-281/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulagsbreyting – Leifsstaðabréðir - Eyjafjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Leifstaðabréðir í Eyjafjarðarsveit. Stærð skipulagssvæðisins er um 11.500 m<sup>2</sup> og eru þar í dag tvær íbúðarhúsalóðir Leifsstaðabréðir lóð 26 og lóð 27 hafa verið skráðar í þjóðskrá undir nöfnunum Espigerði og Birkitröð.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að fjölga íbúðarlóðum úr tveimur í þrjár á landspildunni. Auk þess kemur fram í greinargerð að á hverri lóð verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt bílgeymslu og geymsluhús innan lóðar Birkitraðar.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur